

Viðmið um öryggi aldraðra

Til að aldraðir teljist búa við öryggi í öruggu samfélagi þarf:

1. innra skipulag sem byggist á samvinnu og samhug vinnuhóps sem í sitja stjórnendur, aldraðir og fulltrúar þeirra úr röðum sjálfboðaliðasamtaka, tæknimenn og sérfræðingar í öryggismálum; þessi vinnuhópur ber ábyrgð á öryggismálum aldraðra, formaður hans er úr röðum sveitarstjórnarmanna en varaformaður fulltrúi sjálfboðaliðasamtakanna;
2. vinnuhópurinn að semja áætlun um öryggi aldaðra innan samfélagsins;
3. varanlega langtímaáætlun sem nær jafnt til beggja kynja, allra aldurshópa aldraðra og til allra svæða og aðstæðna;
4. áætlanir sem beinast að áhættuhópum og varasömum stöðum, og áætlanir til að efla öryggi þeirra sem eru viðkvæmastir fyrir;
5. vinnureglur um skráningu meiðsla, bæði tíðni þeirra og orsakir – jafnt óviljandi (slys) sem viljandi (ofbeldi eða sjálfsmeiðingar);
6. aðferðir til að meta stefnumörkun, áætlanir og framkvæmd áætlana og hvaða áhrif breytingarnar hafa;
7. áframhaldandi þátttöku í samvinnu um öryggismál aldraðra – í heimabyggð, innanlands og á alþjóðavettvangi.